

Fagurfræði og stjórnmál
Aesthetics and Politics

# Erró

Sumarsýning Errósafns, júní - október 2004



**Fagurfræði og stjórnmál**

Mér finnst ég vera einskonar annálsritari, fréttamaður hjá stofnun sem geymir allar myndir heimsins og það er hlutverk mitt að fella þær saman. Og ef betur er að gáð – vann Rubens eiginlega nokkuð öðruvísi? Hann safnaði gríðarlegu efni í Róm og hafði ótrúlega marga aðstoðarmenn. Í mínu tilviki eru það mörg hundruð ljósmyndarar, myndasöguteiknarar, ritstjórar og aðrir sem eru til aðstoðar alla daga.

Erró

Snemma á sjöunda áratug síðustu aldar gerðist Erró fráhverfur beinni tjáningu - hætti að búa til ný form og nýjar ímyndir en sneri sér þess í stað alfarið að margbreytilegum myndheimi fjölmiðlanna, til þess að geta betur kannað þjóðfélagslegar og menningarlegar mótsagnir sem tilheyra heimi gengdarlausrar neysluhyggju. Í fyrstu ferð sinni til til New York 1963 komst hann í kynni við bandarísku pop-listina. Þau kynni höfðu afgerandi áhrif á þróun myndlistar hans. Samhliða málverkum sínum hafði hann búið til klippimyndir (collages), þar sem efniviður var sóttur í blöð og tímarit, frá 1958, en nú fór hann að nota klippimyndirnar sem frummyndir málverkanna.

Erró er í stöðugri heimildasöfnun í tengslum við list sína. Eykur við og kannar sívaxandi ímynda- eða myndabankann, sem hann hefur safnað að sér héðan og þaðan úr veröldinni. Þetta eru myndir eða úrklippur úr dagblöðum, tímaritum, bæklingum, veggspjöld, póstkort, auglýsingar og ekki síst myndasögublöð. Þetta ríkulega magn myndefnis er uppspretta og efniviður klippimyndanna sem hann síðan varpar á striga og málar. Erró segir sjálfur: **Samklippið er skemmtilegast hluti vinnunnar, sá frjálsasti . . . hér finnur maður maður formlegar lausnir á því hvernig maður á að fylla flötinn. Samklippið er frummynd og fyrirmynd í senn. Síðan er bara að loka sig inni á vinnustofunni [og mála] stundum upp í fimmtán tíma í lotu.** Þessi aðferð gerir Erró kleift að búa til óvæntar samsetningar sem stundum geta virst fyndnar eða kaldhæðnar – en geta líka, við nánari skoðun, komið óþægilega við áhorfandann eða virkað truflandi. Því oft má greina, undir fáguðu yfirborði málverka hans, hvassa pólitíska gagnrýni og flóknar sálfræðilegar vangaveltur. Samsetning myndbrota frá ólíkum tímaskeiðum gefur listamanninum einnig færi á að brjóta upp öll takmörk tíma og rúms í verkunum.

Listamaðurinn Erró lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi og er viðfangsefni verka hans ótrúlega fjölbreytt. Hann er mjög afkastamikill og vinnur yfirleitt verk sín í seríum eða myndaflokkum. Pólitík og samfélagsleg málefni hafa löngum verið eitt megin viðfangsefni verka hans ásamt tilvísunum í lista- og menningarsöguna.

Verkin á sumarsýningu Listasafns Reykjavíkur – Errósafns, tilheyra mörg hver myndaflokkum um stjórnmál s.s. **Kínversku málverkin (Chinese paintings)**, **Pólitískar myndir (Political paintings)**, **Bandarískar innréttingar (American Interiours)**, **Framleitt í Japan (Made in Japan)**. Einnig eru á sýningunni verk úr myndaflokknum um geimfarana **Les Portraits des Cosmonautes**, ásamt verkum úr myndaflokkunum **1001 nótt og 1002 nætur** og fleiri.

Í myndaflokknum **Kínversku málverkin** notar Erró myndir af alþýðuhetjum, eins og þær birtust á kínverskum áróðursveggspjöldum, í bland við myndir af velþekktum stöðum og minnismerkjum hins vestræna heims, eins og í verkunum **Flórens, 1974** og **Heimsókn á Munchsafnið í Osló, 1977.** Þessar áferðafallegu myndir bjóða upp á marskonar túlkun: það má líta á þær sem erfiljóð eða minningarorð þeirra sem sáu fyrir sér félagslegar eða pólitískar lausnir í hugsunum og orðum Maós formanns – það má kannski líka sjá í þeim martröð eða yfirvofandi ógn um frelsissviptingu Vesturlandabúa sprottna af sömu hugmyndum. Sumar þessara mynda virðast vera raunsæislegar myndir af asískum ferðamönnum á evrópskum túristastöðum.

Viðfangsefni þessara málverka má skoða á sama hátt og grafíkverkin í myndaflokknum **Bandarískar innréttingar** frá 1968, með dálitlu háði í bland við móðursýki. Erró sótti mikið að myndefni til Víetnamstríðsins. Þó svo hann hafi á þeim tíma beinlínis verið að bregðast við samtímaatburðum, er hryllingi stríðsins mjög sjaldan lýst beint, með blóðugum átakamyndum, heldur er afstaðan grundvölluð á meiri íhygli. Í þessum verkum sem sýna Vietkong hermenn inni á bandarískum heimilum, blandar Erró saman tveimur heimum sem oftast eru aðskildir í tíma og rúmi en um leið má segja að í myndunum birtist einfaldlega raunsönn mynd af hversdagslegum veruleika vestrænna heimila þar sem stöðugt er á skjánum myndir frá stríðsátökum annars staðar í heiminum.

Í **Pólitísku myndunum** s.s. **Ísrael, Allende,** og **Endurfæðing** Nazismans sem gerðar eru á árunum 1974-77 og fjalla um alþjóðleg stjórnmál, fá ýmsir sinn skerf: Bandaríkin, þáverandi Sovétríkin, Ísrael, ásamt þeim sem stuðla að uppgangi ný-nazista. Erfitt er að greina viðhorf listamannsins sjálfs í þessum myndum en efniviður verkanna er aðallega fengin úr sovéska skopmynda tímaritinu **Krokodil**. Inntak þessara málverka er oft mjög ofbeldisfullt en um leið baðað í skoplegu ljósi. Myndir úr **Krokodil** eru líka uppsprettan að myndaflokknum **Hernaðarlíf (Military Life)**.

Í myndinni **Tyrkneska baðið**, 1979 er teflt saman fagurfræði mismunandi tíma þegar stefnt er saman í eitt myndrými geimförum 20. aldar, ímynd hetjuskapar og karlmennsku og munúðarfullum, íturvöxnum stúlkum úr málverki Jean-Auguste Dominique Ingres (1780-1867)

Verk eins og **Ýlfrandi málmur**, 1988, **Mae West**, 1989 og **Tölvum kennt**, 1990 eru öll úr myndaflokknum **1002 nætur** – en sagt hefur verið að hugmyndin að honum sé sú að áhorfandinn geti haldið áfram að búa til nýjar sögur, einskonar framhald af arabísku sögunum Þúsund og einni nótt . Þó svo að frummerking myndanna sé skýr í huga listmannsins, þá lúta þessar samsetningar sinni eigin innri rökhyggju og því er túlkunarmöguleikum áhorfandans lítil sem engin takmörk sett og þekking hans, menning og andagift ræður mestu um hvernig hann túlkar eða les þessar myndir.

Í verkinu **Desert Storm**, eða **Eyðimerkursrið** frá árinu 1991 er efniviðurinn sóttur í heim myndasögunnar. Viðfangsefnið er pólitískt; myndin er gerð sama ár og Flóabardagi hófst. Þarna má sjá bandaríska innrásarherinn í skriðdrekum sem minna á hamborgara eða pylsur, grýta vestrænum neysluvarningi til innfæddra um leið og handsprengjum. Þrátt fyrir að vera máluð 1991 hefur þessi mynd sterka skírskotun til samtímaviðburða og það sama má í raun segja um mörg þeirra eldri verka sem eru á sýningunni.

Erró hefur alltaf haft næmt auga fyrir menningarlegu samspili og víxlverkun menningartákna. Þessi atriði ásamt staðfastri samfélagsgagnrýni gera það að verkum að myndir hans eiga alltaf erindi við samtímann.

**Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir**
Deildarstjóri safnadeildar Listasafns Reykjavíkur

**Aesthetics and Politics**

I feel like a journalist of sorts, a reporter for an institution that stores all the images in the world and it is my job to combine them. And if you think about it – did Rubens work any differently? He collected an enormous amount of material in Rome and had an incredible number of assistants. In my case it is hundreds of photographers, cartoonists, editors and other people who assist me every day.

Erró

In the early 1960s of the last decade, Erró began to deviate from direct expression – stopped creating new forms and images and instead

turned to the ever-changing world of media images, so as to better investigate the social and cultural paradoxes inherent in the world of outrageous consumption. During his first trip to New York in 1963, Erró was introduced to American pop art. That introduction had a crucial effect on the development of his art. Parallel to his painting he had created collages where the material was sourced from newspapers and magazines, from 1958, whereas he now began to use collages as prototypes for his paintings.

Erró is perpetually gathering information relating to his art. He adds to and investigates the constantly growing image or picture bank that he has gathered from throughout the world. These are pictures or clippings from newspapers, magazines, brochures, posters, postcards, advertisements and not least comic books. This rich volume of images is the inspiration and raw material behind the collages which are projected onto canvas and painted. Erró himself says:

Making the collages is the most exciting stage of the work; the most free... it is there that formal solutions are found to fill the pictorial surface. The collage is at once the original and the prototype. After that, all that remains is to shut oneself away in the studio, sometimes for fifteen hours at a time [to paint].

This method allows Erró to make unexpected combinations which can sometimes appear funny or ironic – but, on closer inspection, can be unsettling for the viewer, or even disturbing. Thus it is often possible to ascertain, under the shiny and polished surface of his work, sharp political criticisms and complex psychological investigations. Putting together image fragments from different time periods gives the artist the possibility to break down all the constraints of time and space in his work.

Erró the artist is interested in all aspects of human existence and the subjects of his work are incredibly diverse. He is highly prolific and usually creates his works in series or categories. Politics and social issues have long been among the main subjects of his work, as well as references to art and cultural history.

Many of the works in the Reykjavík Art Museum – Erró collection, summer exhibition belong to political picture series, such as the **Chinese Paintings, Political Paintings, American Interiors** and **Made in Japan**. The exhibition also contains work from the astronaut picture series **Les Portraits des Cosmonautes**, as well as from the series **1001 Night, 1002 Nights**, and more.

In the series **Chinese Paintings**, Erró uses images of public heroes as they appeared on Chinese propaganda posters, combined with pictures of well-known places and monuments in the Western world, as in the works **Firenze**, 1974 and **Visit to the Munch Gallery in Oslo**, 1977. These refined paintings allow for diverse interpretation: they may be viewed as elegy or obituaries for those who foresaw social or political solutions in the thoughts and words of Chairman Mao, and one can also see in them a kind of nightmare or looming threat of the deprivation of liberty, sprung from the same ideas. Some of the pictures appear to be realism paintings of Asian travellers in European tourist locations.

The subject of these paintings may be viewed in the same way as the graphics works in the picture series **American Interiors**, from 1968, using a little sarcasm mixed with hysteria. Erró sourced a lot of image material from the Vietnam War. Even though he was literally responding to contemporary events, the horrors of war are very rarely described directly, through bloody pictures of conflict; rather the stance is rooted in deeper thought. In these works, showing Vietcong soldiers inside American homes, Erró combines two worlds that are usually separate in time and space. At the same time it may be said that the pictures simply paint a realistic picture of a mundane reality inside a Western home, where the television screen constantly flashes pictures of conflict and war from other parts of the world.

In the **Political Paintings**, such as **Israel**, **Allende** and **The Renaissance of Nazism**, made during the years 1974-77 and dealing with international politics, various parties comes in for their share of the treatment: The United States, the USSR, Israel, and those who support neo-Nazism. It is difficult to discern the viewpoint of the artist himself in these pictures, but the source material is mostly derived from the Soviet comic magazine Krokodil. The composition of these paintings is often very violent yet at the same time bathed in a comic light. Pictures from **Krokodil** are also the source of the picture series **Military Life**.

In the painting **Turkish Bath**, 1979, the artist combines the aesthetics of different periods in a single space, astronaut's from the 20th century, the image of heroism and masculinity, and sensual, voluptuous girls from a painting by Jean-Auguste Dominique Ingres (1780-1867) from the 18th century.

Works like **Le Metal Hurlant**, 1988, **Mae West**, 1989 and **Teaching Computers** . . . , 1990 are all from the series **1002 Nights** – which are in a sort of extension of the Arabian tales **1001 Night**. Even though the basic meaning of the pictures is clear in the mind of the artist, these combinations also contain their own internal logic and therefore the possibilities for the viewer for interpretation are limitless, and the viewer's knowledge, culture and spirit say most about how he or she interprets or reads the paintings and in a sense, creates new stories.

The source for the painting **Desert Storm** from 1991 comes from the world of comics. The subject is political; the picture is created the same year as the Gulf War. It contains images of the American invading army in tanks resembling hamburgers or hot dogs, tossing American consumer goods as well as hand grenades to the natives. Despite being made in 1991, this painting has a strong reference to current events, which is also the case of many of the older works in the exhibition.

Erró has always had a keen eye for cultural interplay and the cross-workings of cultural symbols. These aspects as well as a steady cultural criticism ensure that his works are always meaningful in the present.

**Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir**
Curator

[1] Erró, Grey Gazette, Vol. 7, No. 2, New York, 2004
[2] Gunnar Kvaran: Erró – A Critical Vision, Bergen Kunstmuseum, Bergen, 2000



**About the Artist**

Guðmundur Guðmundsson, who later became known as Erró, was born on 19 July 1932 in Ólafsvík, the son of Soffía Kristinsdóttir and Guðmundur Einarsson from Miðdalur. He spent his early years in Reykjavík with his mother, grandmother and aunt Guðmunda, who was like a second mother to him. Soffía married Siggeir Lárusson, farmer at Kirkjubæjarklaustur, and in 1936 Guðmundur moved there with her and subsequently grew up with traditional farming, games and sports, and not least the cultivation of his own creative talents, which had become evident at an early age. In an interview from 1957 he speaks of his interest from a young age in drawing and painting and says: 'Very early I enjoyed using colours and drawing. [Painter Jóhannes] Kjarval spent a lot of time painting at Kirkjubæjarklaustur in the summer and occasionally gave me a bit of canvas and tubes of oil paint. Of course I turned circles around Kjarval while he painted – I considered him a master. I showed him some of my paintings, which he liked. At this time of course I only painted landscapes.

In 1949 Guðmundur began studying at the Icelandic College of Art, from which he graduated in 1951. During his years at school he was permitted to move at will between departments in the school and took all the courses offered there, as he was interested in most things and wanted to experiment with all methods taught.

In September 1952 he travelled overseas for the first time, to Norway, with his friend painter Bragi Ásgeirsson to "... become fully versed in art, climb mountains and slide down slopes on skis", as he later said in an interview. Guðmundur studied graphics, fresco painting and painting at the Oslo Academy of Art. There he was introduced to the works of the Norwegian painter Munch, and visited museums and exhibitions. Under the auspices of the school he took some study trips abroad, one of those being to Spain in the summer of 1953, during which he also visited Germany and France. In the Prado museum in Madrid he saw for the first time the works of the Dutch medieval painter Hieronymus Bosch, who used traditional realism to revolutionize reality and create a placeless world.

It was also during this study trip to Spain that he passed through the small village Castell del Ferró and became so fascinated that he decided to assume the artists' name Ferró. During another study trip the following year he travelled to Italy and Sicily, visited museums, galleries and churches. At this it was like a new world opened up; he decided that this was a place that he wanted to visit again.

Having worked the whole summer as a carpenter at Keflavík Airport, Guðmundur returned to Florence, Italy in the autumn of 1954 and enrolled in the Academy of Art. The following year he studied at an art college in Ravenna where special emphasis was on the creation of mosaics. It was during his Italian years that Guðmundur, who then used the name Ferró, met Jean-Jaques Lebel, the son of a French art critic, who became a lifelong friend and encouraged Ferró to move to Paris. At that time Ferró also met Myriam Bat-Yosef, a young Israeli artist who was also studying in Italy, and they married. During his study years in Italy Ferró returned to Iceland in the summers, and held his first solo exhibition there in 1957. Over the subsequent years he held a number of exhibitions, in places such as Jerusalem, France, Italy and Iceland.
The couple settled in Paris in the autumn of 1958 and Ferró renewed his friendship with Jean-Jaques Lebel. Through Lebel and his father, Ferró met many artists connected to the surrealist movement.

In the following years Ferró exhibited widely throughout the world and took part in performance art – either alone or with others – meeting artists that were to have a great influence on him and on art history. In 1963 Ferró travelled to the United States for the first time, to New York. There he came to know the New York art scene and all the major up-and-coming pop artists, such as Andy Warhol, James Rosenquist, Frank Stella, Roy Lichtenstein and others. All of them had a crucial impact on Ferró's work.

Myriam and Ferró separated in 1964 and he moved to a new studio in Paris. Over the coming years, Ferró travelled far and wide to collect images and hold exhibitions, including to the USSR. During those years he held a major exhibition in the Listamannaskáli in Reykjavík, following a five-year absence from his home country.

In 1967 Ferró changed his artists' name to Erró, following legal action against him by a French artist who believed their names were so similar that they could be confused. After a years' stay in Germany Erró went on a nine-month world tour at the end of 1971 in order to absorb, as he said himself, ... new energy, new ideas. A great deal had happened in his life, both personally and artistically, in the previous years. Among other things he had met his current wife Vilai Permchit in Thailand. Erró, who still lives in Paris, now generally spends part of the winter in Thailand and summers in his house in Formentera, Spain.

Erró has received diverse recognition for his work, in Iceland and abroad. Galleries throughout the world are keen to exhibit his work. A large and impressive retrospective was held in the Jeu de Paume in Paris in 1999.

Yet although Erró definitely became a world citizen long ago, after being away from his homeland for more than 40 years, he is always an Icelander in his heart and has strong ties to the country and its people. This is best seen by his grandiose gift to the Reykjavík Art Museum in 1989, made up of approx. 3,000 pieces of art that form the foundation of the Erró Collection at the Reykjavík Art Museum. Since then, Erró has generously been adding to this gift and in 2001 a large retrospective of his works from the gallery's collection was held in its newly renovated premises at the Harbour House. Erró also established a fund for young Icelandic female artists which has handed out grants since 1998, the Guðmunda fund, in memory of his aunt.

E.H. Gombrich. The Story of Art. Mál og menning, 1997, p. 356.
Danielle Kvaran's biography of Erró was used as a reference in writing this article.

Opnunartími á Kjarvalsstöðum
og í Hafnarhúsi alla daga 10-17.
Opnunartími í Ásmundarsafni
maí-september 10-16 og október-apríl 13 -16

Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll húsin.
Alla sunnudaga er ókeypis leiðsögn
í Hafnarhúsinu kl. 15.

Kjarvalsstadir and Hafnarhusid are open
every day from 10 am – 5 pm.
Asmundur Sveinsson Sculpture Museum -
Asmundarsafn is open May-Sept. 10 am-4 pm
and October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same day
for all three museums.
Guided tours are available upon request.

**Til að skoða og ræða.**
To discuss and think about.

Eru pólitísk viðfangsefni Errós úrelt eða eiga verkin enn erindi sem úttekt á stöðu mála í heiminum?
Are the political issues Erró focuses on obsolete or are his works still relevant as a study of the world today?
Má finna samsvörun með vinnuaðferðum Errós og og listamanna sem nota aðra miðla til dæmis tónlist?
Is there coherence between Erró's working methods and artists that use other mediums, for example music?

**Fyrir fjölskyldur og gesti á öllum aldri.**
For families and guests of all ages.

Finnið persónur í málverkum Errós sem þekktar eru annars staðar frá. Hvaðan þekkið þið þessar persónur?
Find characters in Erros paintings that are known from somewhere else. Where from do you know these characters?
Erró notar myndir eftir aðra listamenn í málverkun sín. Hvað gerir þau að listaverkum eftir hann?
Erro uses images by other artist in his paintings. What makes them his paintings

Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavik Art Museum - Hafnarhús, Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
www.listasafnreykjavikur.is - listasafn@reykjavik.is - sími (+354) 590 1200 - fax (+354) 590 1201

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM